



# BLAÐ MEINATAEKNA

2. tbl. 26. árgangur maí 1999




## Meðal efnis í þessu blaði

**Heilkenni insulin viðnáms**

**Tilraunstöðin að Keldum, Sýkladeild**


**Hollvinafélag Tækni-skóla Íslands**

**Tillaga samtaka Iðnaðarins um nýjan Tækni-skóla**



# LYRA SF

BORGARTÚNI 23 • REYKJAVÍK  
Sími: 562 7778 Fax: 562 7779





Blað meinatækna  
1.tbl. 26. árgangur  
Maí 1999

**Útgefandi:**  
Meinatæknafélag Íslands

**Aðsetur og afgreiðsla:**  
Lágmúla 7  
108 Reykjavík

**Sími:** 588 9770  
**Bréfsími(fax):** 588 9239  
**Tölvupóstur:** mti@islandia.is

**Ritnefnd:**  
Hulda Gestsdóttir/rítstjóri og ábyrgðarmaður  
Vigdís Fjeldsted  
Kristín Steingrimsdóttir  
Hlín Aðalsteinssdóttir  
Guðbjörg Jónsdóttir

**Auglysingar:**  
Hænir sf.  
Ármúla 36  
108 Reykjavík  
Sími: 533 1850  
**Bréfsími (fax):** 533 1855  
**Tölvupóstur:** haenir@islandia.is

**Setning, umbrot og prentun:**  
Prentsmiðjan Grafík hf.  
Smíðjuvegi 3  
200 Kópavogur

**Upplag:**  
600 eintök

# Efnisyfirlit

<b>Ritstjórnarlistill.</b>	5
Hulda Gestsdóttir .....	
<b>Ervópuráðstefnan í Haag.</b>	6
Ásta Björg Björnsdóttir .....	
<b>Hugleiðingar formanns.</b>	7
Ásta Björg Björnsdóttir .....	
<b>Heilkenni insulin viðnáms.</b>	8
Silja Dröfn Sæmundsdóttir .....	
<b>Skýrsla stjórnar.</b>	18
Asta Björg Björnsdóttir .....	
<b>Tilraunastöðin að Keldum sýkladeild.</b>	22
Guðbjörg Jónsdóttir .....	
<b>Gönguklúbburinn Aðskildir fætur.</b>	26
Hulda Gestsdóttir .....	
<b>Styrkveiting til Vancouver 2000.</b>	28
.....	
<b>Stjórn Félagsins og nefndir 1999 - 2000</b>	29
.....	
<b>Hollvinafélag Tækniþóla Íslands.</b>	31
Björg Birgisdóttir .....	
<b>Er líf að loknum gæsluvöktum.</b>	34
Sigrún Stefánsdóttir .....	
<b>Tillaga Samtaka iðnaðarins um nýjan tækniþóla.</b>	36
Hulda Gestsdóttir .....	
<b>Frá Fræðslunefnd.</b>	37
Gunnhildur Ingvarsdóttir .....	



Við þjónum rannsóknarstofum  
í stóru og smáu



T H O R A R E N S E N   L Y F

*- einn traustasti bakhjalr íslenskrar heilbrigðisþjónustu*

# Ritstjórnarpistill

Par sem ég undirrituð hef tekið að mér að ritstýra Meinatæknablaðinu. Finnst mér kjörið að fá að láta nokkur orð falla fyrir hönd ritsjórnar.

Fyrsti fundur hennar var 10. september. Eftir nokkra eftirgreßnslan komst ritstjórn að því að ekkert efni var tilbúið í þetta blað. Því þurfti snör handtök. Við vildum koma í veg fyrir að Meinatæknablaðið kæmi út nokkrum dögum fyrir jól þar sem við kynntum fyrir lesendum uppskriftir á jólasteikinni og vinsælu jólföndri. Þeir sem við leituðum í smiðju til brugðust skjótt við, eins og sannir meinatækna. Þeir gerðu ótrúlegustu hluti á stuttum tíma. Ritstjórn þakkar þeim skjót og jákvæð viðbrögð.

Ég leitaði að bröndurum um meinatækna, sem sjálfsögðu efni í blaðið. Enginn kannaðist við slíkt spaug. Þá var mér hugsað til orða félagsfræðikennara í Háskóla Íslands er ég spurði hann hvort hann kynni einhverja brandara um félagsfræðinga. Hann svaraði: „Veistu það að ég hef aldrei heyrt brandara um félagsfræðing. Það segir mér það að fólk veit ekkert um það hvað þeir gera. Þess vegna eru ekki til brandarar um þá.“

Nú hugsa ég mikið um það hvort þessu sé einnig þannig farið um störf meinatækna. Fólk veit kannski ekkert hvað þeir eru að gera? Það gæti verið kominn tími til að kynna störf meinatækna á víðari vettvangi. Kynning gæti haft jákvæð áhrif á eftirspurn í nám í meinatækni!

Ritstjórn þakkar fráfarandi ritstjóra, Steinunni Oddsdóttur fyrir vel unnin störf undanfarinna ára og óskar henni velfarnaðar.

Par sem þetta blað er síðasta tölublað á hverfandi öld, vill ritstjórn kynna komandi breytingar í næstu blöðum. Brot blaðsins mun stækka örliðið. Sú ákvörðun var tekin vegna þess að stærra blað gefur meira svigrúm í hönnun blaðsins. Stærra blað þýðir að auglýsingar passa betur inn í formið.

Það er ósk okkar að lesningin sem hér fer á eftir verði öllum til fróðleiks og skemmtunar.

f.h. ritstjórnar,  
Hulda Gestsdóttir

## Skrifstofa MTÍ

Skrifstofan er opin mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga frá kl. 13-16. Hægt er að ná í Ástu B. Björnsdóttur, formann MTÍ, flesta morgna fyrir kl. 12. Skrifstofan er til húsa að Lágmúla 7, II hæð. Sími: 588 9770, símsvari tekur við skilaboðum á milli opnunartíma. Bréfsími (fax): 588 9239 Tölvupóstur: mti@islandia.is

Margrét Eggertsdóttir, skrifstofustjóri

# Evrópuráðstefnan í Haag

Priðja Evrópuráðstefna meinatækna var haldin dagana 26.- 29. maí í Haag. Borgin skartaði sínu fegursta í sumarblíðunni. Hollenskir meinatæknar buðu metnaðarfulla dagskrá þar sem fléttáð var saman fyrirlestrum um listir, stjórnun, gæðamál og nýjungar tengdar faginu. Yfirkrift ráðstefnunnar var „The Art of Laboratory Science.“

Fjórtán meinatæknar sóttu ráðstefnuna frá Íslandi. Að venju settu við met í þátttöku og er það ánægjulegt að finna áhuga Íslenskra meinatækna á því að fylgjast með nýjungum og bæta við þekkingu sína í faginu.

Það er stjórnunum Evrópusamfélöganna nokkuð áhyggjuefni hve illa meinatæknar sækja ráðstefnur. Í samtölum við formenn félöganna á ráðstefnunni kom fram að í mörgum löndum reyna meinatæknar ekki að sækja um styrki til fararinnar, því þeir telja útilokað að fá nokkurn. Einnig er það ljóst að þýskumælandi meinatækna sækja ekki ráðstefnur sem haldnar eru á enska tungu og er það þeirra missir.

Það voru gömlu Evrópusamtökum sem héldu þessa ráðstefnu og má segja að þau hafi verið lögð niður með stíl en í tengslum við ráðstefnuna var lokafundur ECML-TA. Ný samtök voru stofnuð sem samruni tveggja Evrópskra samtaka. Eru nú meinatæknar innan og utan Evrópusambandsins sameinaðir í nýjum samtökum EPBS.

Ásta Björg Björnsdóttir

Félagsmenn hafa frekkað haft samband við stjórn félagsins og láttó í ljós óskir um að gefa þarfí út dagbók að nýju. Á stjórnarfundi ná hauß var akveðið að verða við þessum tilhvelum. Þólagjöfin tólf meinatækna sem era í sérstærrafélögina verður því dagbók.

*Jólagjöfin í ár*

# Hugleiðingar formanns

## Frá formanni

Þegar þessar línur eru settar á blað er framundan nýr dagur. Dagur tækifæra, sigra og ef til vill mótlætis. Eitt af því sem við getur reitt okkur á eru breytingar. Breytingar fela í sér tækifærni. Við þurfum að mæta breytingum með opnum huga og leita að tækifærum sem felast í þeim. Í apríl blaði sænskra meinatækna skrifar Michel Silvestri grein um hversu erfiðlega meinatæknun þar í landi gengur að sætta sig við það að æ fleiri nýútskrifaðir meinatæknar kjósa heldur að vinna við rannsóknarverkefni en rútinu. Í greininni lýsir Silvestri breytingum sem þeir eldri hræðast í stað þess að leita að tækifærum í þeim. Hver eru tækifærin? Silvestri kemst að þeirri niðurstöðu að því fleiri sem vinna að rannsóknarverkefnum því vinsælli verður meinatæknin. Fagid veður hærra metið í augum almennings.

Rútinan er ekki að hverfa frá okkur heldur að breytast. Meinatæknar taka frekar að sér gæðaeftirlit og kennslu svo og viðgerðir á tækjum, eftirlit og stjórnun.

Ásta Þjörð Björnsdóttir



Þetta er síðasta

blað Meinatækna á þessari

öld. Ákveðið hefur verið að breyta

útliti blaðsins á næsta árþúsundi. Öllu

blaðinu verður breytt í kvað varðar stærð, útlit

og nafn. Meinatæknar eru hvattir til að láta í

ljós skoðun sína og leggja inn hugmyndir um

nýtt nafn og útlit á blaðinu.

Tekið verður á móti hugmyndum á

skrifstofu félagsins helst í tölvupósti:

[mti@islandia.is](mailto:mti@islandia.is).

*Hugmyndaáæfnum*

# Heilkenni insúlín viðnáms

(Insulin resistance syndrome)

## Inngangur

Lífsvenjur vesturlandabúa einkennast mikið af kyrrsetu, streitu og ofnæringu. Þessir þættir hafa allir áhrif á efnaskipti líkamans og auka áhættuna á að fá hjarta- og æðasjúkdóma. Helstu áhættupþættir kransæðasjúkdóma eru aldur, kyn, reykingar, hækkaðar blóðfitur, háþrýstingur, sykursýki og erfðir.

Heilkenni insúlín viðnáms (Insulin resistance syndrome) sem er undanfari sykursýki (pre-diabetic state) felur í sér aukna hættu á að fá hjarta- og æðasjúkdóma. Þetta „metaboliska syndrom“ samanstendur af mörgum þáttum og má þar helst nefna: offitu, sérstaklega þá aukin kviðfita, skert sykurþol, háþrýstingur, hækun á insúlini og truflun á fituefnaskiptum sem kemur fram sem hækjun á þríglýseríðum og lækkun á HDL kólesteróli.

Nokkrar erlendar rannsóknir síðustu árin á heilbrigðum einstaklingum, offitu sjúklingum, típu II sykursýkis sjúklingum og sjúklingum með hjarta- og æðasjúkdóma hafa sýnt fram á fylgni milli hárrar þéttni PAI-1 (-plasminogen activator inhibitor-1) í plasma og samsöfnunar ýmissa þáttu í heilkenni insúlínins viðnáms. Má þar helst nefna body mass index (BMI), waist to hip ratio (WHR) (sem er mælikvarði á kviðfitu), plasma insúlín, þríglýseríða og HDL kólesteról gildi. Nýlegar rannsóknir hafa sýnt fram á tjáningu PAI-1 í fituvef og þá sérstaklega fitufrumum í kvið (omental). Verkunarmáttinn bak við heilkenni insúlín viðnáms og tengsl þess við

hækjun á PAI-1 í plasma er ekki fyllilega skilið en talið er að PAI-1 geti verið hlekkur milli offitu, insulin resistance og hjarta- og æðasjúkdóma (1).

PAI-1 er glýkóprótein úr flokki serín próteinasa hemjara (20). Meginhlutverk þess í plasma er að hemja virkni t-PA (tissue plasminogen activator) og þar með fíbrínsundrunarkerfið. Auk þess er það mikilvægur hemjari próteólysu í utanfrumuvökva.

Gen PAI-1 er staðsett á litningi númer 7. Það er tjáð í mörgum vefjum s.s. í æðaþeli, blóðflögum, lifur, fituvef og sléttum vöðvafrumum. Lýst hefur verið nokkrum erfðabreytileikum í stýrisvæði gens PAI-1. Má þar helst nefna 5/4 gúanín (5G/4G) erfðabreytileikann sem staðsettur er 675 basapörum aftan við byrjunarstað umritunar (12, 17). Sýnt hefur verið fram á hærri þéttni virks PAI-1 í plasma og þess að vera arfharenn um 4G samsætuna (12, 4, 5, 11). Ýmsar rannsóknir á kransæðasjúklingum og sjúklingum með heilkenni insúlín viðnáms hafa gefið mismunandi niðurstöður í sambandi við tengsl 4G/5G erfðabreytileikans og þessara sjúkdóma. Sumar rannsóknir hafa sýnt fram á aukna tíðni þessarra sjúkdóma hjá þeim sem bera 4G samsætuna en aðrar ekki (1).

Megintilgangur þessa verkefnis var að kanna tíðni 4G/5G samsætanna hjá körlum á aldrinum 30-60 ára með aukna kviðfitu og skoða hvort marktæk fylgni væri milli þess að bera 4G samsætuna og þess að hafa marga þætti sem tengjast heilkenni insúlín viðnáms.

# Finna



## Það er auðvelt að finna besta netbankann

Heimabankinn - Netbanki Íslandsbanka, **netbanki.is**, byður fjölpættri þjónustu en gerist og gengur í íslenskum bankaviðskiptum á Netinu, og reglulega bætast við nýjunarg. Þessa þjónustu er þér boðið að nota án endurgjalds. Í samanburðartöflunni hér að neðan sést hvað er í boði í bankaviðskiptum á Netinu.

Stofnun og stjórn yfirdráttar	Netbanki Íslandsbanka	Einkabanki Landsbankans	Heimilisbanki Búnaðarbankans	Heimabanki Sparisjóðanna	Netbanki SPRON
Nytt					
Nytt		●			
Nytt		●			
Sjálfvirk bókhald	●				
Kaup verðbréfa	●		●		
Yfirlit lána hjá LÍN	●		●		
Greiðsluþjónusta	●		●		
Greiðsla inn á GSM frelsi	●				
Yfirlit um stóðu reikninga	●	●	●	●	●
Verðbréfayfirlit	●		●		
Verðbréfaáskrift	●				
Greiðslur reikninga	●	●	●	●	●
Yfirlit um stóðu kreditkorta	●	●	●	●	●
Yfirlit um stóðu á lífeyriseign	●		●		
Beingreiðslur	●				
Bjóðóskrá	●	●	●	●	●

NETBAKÍ.ÍSLANDSBANKA

# netbanki.is

Heimabankinn  
- Netbanki Íslandsbanka  
Bankaviðskipti á Netinu síðan 1996

## Bakgrunnur

Heilkenni insúlín viðnáms er heiti á nokkrum einkennum sem oft fara saman en þau helstu eru aukin kviðfita, hækkaður blóðþrýstingur, skert sykurþol, hækkun fituefna í blóði og minnkuð virkni fibrínsundrunarkerfisins. Þessu fylgir oft aukin streita. Tengsl hafa fundist milli þéttini plasminogen activator inhibitor type 1 (PAI-1) í plasma og hinna ýmsu áhættuþáttu sem taldir eru hér á undan. Sérstaklega hafa fundist tengsl á milli aukinnar þéttini PAI-1 í plasma og hárra gilda fastandi þríglýseríða, fastandi insúlins og body mass index (BMI) (6). Nýlega hefur þéttini PAI-1 sem er fljótvirkur hemjari tissue plasminogen activator (t-PA) og einn aðal hemjari fibrínsundrunarkerfisins (sjá mynd 1.) verið tekinn inn sem einn af þáttum í heilkenni insúlín viðnáms (8). Rannsóknir síðustu ára hafa einnig sýnt fram á að tengsl eru milli þéttini PAI-1 í plasma og atherosclerosis (3). Hamsten var fyrstur manna til þess að lýsa tengslum milli hárrar þéttini PAI-1 í plasma og þess að fá endurteknar kransæðastíflur fyrir 45 ára aldur (2). Rannsóknir hafa sýnt fram á að betri árangur við að lækka þéttini PAI-1 í plasma fæst með þyngdartapi en við lækken á fastandi þríglýseríðum og insúlini (6). Sýnt hefur verið fram á að fitufrumur í kviðfitu framleiði PAI-1 (6, 8). Mikla þéttini PAI-1 í plasma er algengt að finna hjá feitum einstaklingum (8). Aukin þéttini PAI-1 í plasma er algeng meðal sjúklinga með hjarta og kransæðasjúkdóma. Sjúklingar með sögu um hjarta-truflanir og skerta fibrínolýsuvirkni vegna hárrar þéttini PAI-1 í plasma hafa aukna áhættu á að fá hjarta- og æðasjúkdóma (8). Offita er oft tengd við aukna þéttini PAI-1 í plasma, en takmarkaðar upplýsingar eru um

áhrif þessara auknu þéttni PAI-1 á vefi og líffæri frumnanna í offeitum einstaklingum. Sýnt hefur verið fram á að fituvefur er mikilvægur framleiðandi PAI-1 í músa módelum (8) og í kviðfitu manna (1). Waist to hip ratio (WHR) yfir 0,95 og bein mæling á kviðfitu virðast gagnlegar upplýsingar til að kanna áhættu einstaklinga á að fá hjarta og æðasjúkdóma. „Klínísk“ er insúlin viðnám heilkennið misvel þróað hjá einstaklingum. Sumir hafa alla ofantalda þætti en aðrir hafa aðeins hluta þeirra. Oftast þróast þetta þó í óheillavænlega átt. Margt er óljóst í sambandi við þessa samsöfnun og stjórnun hennar, en greinilegt er að lífsvenjur og umhverfisþættir skipta miklu máli þegar kemur að samsöfnum þessara áhættuþáttu.

## Fibrínsundrunarkerfið

FERLIÐ SEM BRÝTUR NIÐUR FIBRÍN OG STJÓRNUN þess er kallað fibrínsundrunarkerfið. Því má skipta niður í nokkra þætti: 1) virkjun plasmíns, 2) niðurbrot fibríns, 3) hemlun kerfisins. Í meginþáttum þá binst plasmínogen, sem er óvirkt form plasmíns, yfirborði fibríns. Þegar það er bundið fibríni er það móttækilegt fyrir t-PA sem klippir peptíðkeðju af plasmínogeninu og breytir því þannig í plasmín (virka formið). Plasmín brýtur svo niður fibrín og myndast við það fibrín niðurbrotsefni (FDP) sjá mynd 3.1. Helstu hemjarar kerfisins eru PAI-1 sem hemur t-PA og antiplasmín sem einnig er serpín og hemur plasmín sem ekki er bundið yfirborði fibríns. Mikilvægur þáttur fibrínsundrunarkerfisins er að það vinnur staðbundið á yfirborði fibríns. Við það verður hvarfhraði ensímannna meiri, auk þess sem virku ensýmin eru meira varin gegn sínum hemjurum (13).

## (Plasmingen activator inhibitor-1)


PAI-1 er glýkóprótein sem er 50 kíodalton að stærð og það tilheyrir serín próteinasa inhibitora (serpin) fjölskyldunni (20). Hlutverk PAI-1 er að mynda óafturkræfan komplex með t-PA og koma þannig í veg fyrir virkni t-PA. PAI-1 hefur stuttan helmingunartíma (um 7 mínútur í blóði) og í blóðrásinni er það bundið vítronektíni sem ver það gegn því að verða óvirkt (13). PAI-1 er ekki í stöðugu magni í blóði heldur er magn PAI-1 breytilegt og er þétt niður mest árla morguns, á sama tíma og hjartaáföllin eru hvað algengust (14). Minnkuð virkni fibrínsundrunarkerfisins sést oft hjá sjúklingum með bláðasega sjúkdóma (2). PAI-1 er „akút fasa prótein“, hækkan sést því við t.d. sepsis og eftir skurðaðgerðir (13).

## Erfðabreytileiki á stýrisvæði PAI-1 gensins

PAI-1 er aðal hemjarinn í fibrínsundrunarkerfinu og er í litlu magni í blóði en er samt mikilvægur hlekkur í þróun sega sjúkdóma eins og kransæðastíðflu. Magn PAI-1 í blóði

PAI-1 geninu sem er staðsett á litningi 7 q21.3-3-q22 (9). PAI-1 genið samanstendur af 9 útröðum (exon) og 8 innröðum (intron) og er um 12,3 kb að stærð (19). Við umritun gensins úr DNA í RNA eru bæði útraðirnar og innraðirnar afritaðar og svo eru innraðirnar klipptar burtu áður en þýðing RNA hefst í frumunum.

Einn af erfðabreytileikunum er á stýrisvæði PAI-1 gensins nánar tiltekið 675 basapörum frá byrjun á umritun og þar eru 4 eða 5 guanín (G) basar í röð (20). Nýlegar rannsóknir sem tengt hafa 4G/5G erfðabreytileikann við þéttni PAI-1 í plasma hafa sýnt fram að laegstu gildin eru hjá 5G/5G hópnum, meðalhá gildi hjá 4G/5G og hæstu gildin hjá 4G/4G hópnum (12, 4, 5, 11). Dawson et al. sýndu fram að fylgni væri á milli hárrar þéttni PAI-1 antigens í plasma annars vegar og hárrar þéttni fastandi insúlins og erfðabreytileikans í PAI-1 geni (12). Sýnt hefur verið fram að í frumurækt að á svæðum þar sem 4G/5G erfðabreytileikinn er, eru bindistaðir fyrir prótein. Á 4G sam-



Mynd 1. Yfirlitsmynd af fibrínsundrunarkerfinu

(13) VN: vítrónektín, FDP: niðurbrotsefní fibríns.

fer meðal annars eftir erfðabreytileika í

sætunni binst bara annað próteinið en 5G samsætan bindur bæði próteinin (11). Get-

gáttur eru um að annað próteinið hvetji umritun en hitt hemji hana (11) og þess vegna sé þétt ni PAI-1 í plasma meiri hjá þeim sem eru arfhreinir um 4G/4G samsæturnar en hjá þeim sem eru arfhreinir um 5G/5G samsæturnar.

## Efniviður og aðferðir


### Úrtak og sýnasöfnun

Þáttakendur í þessari rannsókn voru ekki eiginlegur sjúklingahópur, heldur var auglýst eftir þáttakendum á heilsuræktastöðvum höfuðborgarsvæðisins. Auglýst var eftir karlmönnum á aldrinum 30-60 ára sem eru með mikla kviðfitu, þ.e. ummál mittis/ummáli mjaðma hærra en 0,95. Um 70 menn skráðu sig í þessa rannsókn og mættu þeir í þrekpróf, blóðþrýstingsmælingu, blóðprufu og fl. Allir þáttakendur fengu upplýsingar um tilgang og framkvæmd þessarar rannsóknar og samþykktu þátttökum. Sýnum var safnað sumarið 1997 og hluti af blóðrannsóknunum voru gerðar þá, en síðan voru sýnin fryst við -20°C og fleiri rannsóknir gerðar nú í haust.

### Aðferðir

Erfðaefnið var einangrað úr frystu EDTA blóði og svo var DNA blandan geymd fryst (-20 °C). Til þess að skoða 4G/5G erfðabreytileikans í prómóter svæði gens PAI-1 er notað samsætusértað PCR aðferð (10, 11). Magnaður er upp sá hluti af prómóternum sem inniheldur erfðabreytileikann (sjá mynd 2.). Við hvarfið er notaður annar af tveimur 17-mer samsætusértaðum þreifurum, 5'-GTCTGGACACGTGGGG-3' (PAI-1 5G) eða 5'-GTCTGGACACGT-

GGGGA-3' (PAI-1 4G) ásamt „downstream“ þreifara 5'-TGCAGCCAGGCCACG-TGATTGTCTAG-3' (PAI-1 2d=25-mer). Þannig fást DNA bútar sem eru 140 eða 139 basapör eftir því um hvorn þreifarann er að ræða. Hvarfelnablandan inniheldur einn þreifara til viðbótar sem staðsettur er ofan við (upstream) erfðabreytileikann, 5'-AAGCTTTACCATGGAACCCCTGGT-3' (PAI-1 1u=26-mer). A milli „upstream“ og „downstream“ þreifaranna myndast annar genabútur sem er 257 basapör og er notaður sem staðfesting á að hvarfið hafi gengið upp. Að lokum var PCR blandan rafdregin í 4% agarósa geli og arfgerðin lesin.



Mynd 2. (15) Yfirlitsmynd af þeim hluta að prómotor PAI-1 sem inniheldur 4G/5G erfðabreytileikann og þeim þreifurum sem notaðir eru í PCR hvarfinu. Myndin sýnir einnig afurðir PCR hvarfsins. Númerin í tákna þann stað á prómóternum sem þreifararnir tengjast. 1u: upstream þreifari; 2d: downstream þreifari; bp: basapör.

### Niðurstöður

70 sýni voru greind með tilliti til 4G/5G erfðabreytileikans. Ekki var hægt að nota öll sýnin þar sem ekki tókst að einangra úr öllum sýnaglösum, alls durtu 6 sýni út og eftir stóðu 64 sýni. Tafla 1. sýnir dreifingu arfgerða í þessum hóp, auk þess sýnir hún útreiknaðann fjölda og þess fjölda sem fannst og sýnir að ekki er um að ræða skyldleika-

ræktun í þessu þýði. Samsætutíðni 4G reyndist vera 0,59 og tíðni 5G samsætunnar reyndist vera 0,41 í þessum hóp.

EKKI var marktækur munu á arfgerðum borið saman við heilbrigða (0,6 vs 0,4). Heilbrigði hópurinn samanstóð af blóðgjöfum 108 Íslendingum sem voru greindir með tilliti til 4G/5G erfðabreytileikans 1996 á Sjúkrahúsi Reykjavíkur sjá töflu 2. (15).

Áhættu þættum heilkenni insúlins við-

ann og offitu (þáttanna BMI og WHR) p=0,02.

## Umræða

Heilkenni insúlín viðnáms er undanfari sykursýki og samanstendur af nokkrum þáttum sem eru háþrýstingur, streita, hækkaðar blóðfitur, offita, skert sykurþol/fullorðins sykursýki og skert virkni fíbrínsundrunarkerfisins. Þetta heilkenni er á mismunandi stigum og hver einskaklingur hefur oft ekki alla þættina. Þar sem þetta eru líka áhættuþættir fyrir hjarta- og æðasjúkdóma þá þróast heilkennið oft í óheillavæna átt. Þessum einum hefur oft verið líkt við toppa á ísjaka sem standa upp úr en eiga sameiginlega undirliggjandi orsök. Nokkrar tilgáтур hafa komið fram um hvar þessi þróun byrji og hvort sé einhver einn sökudólgur og hvern sé.

Mismunandi erfðabreytileikum hefur verið lýst í geni PAI-1 (12). Sá erfðabreytileiki sem virðist skipta mestu máli í sambandi við þéttni PAI-1 í plasma er 4G/5G erfðabreytileikinn sem er staðsettur 675 basapörum aftan við

byrjunarstað umritunar í stýrisvæði PAI-1 (12, 17, 11). Mælst hafa há gildi hjá þeim sem eru arfhreinir 4G/4G, meðalhá hjá 4G/5G og lág gildi hjá 5G/5G. Þar sem PAI-1 er einn aðal hemjari fíbrínsundrunarkerfisins valda há gildi minni virkni og þar með meiri hættu á segamyndun.

Tíðni	46/46	46/56	56/56
Uppgötvuð	19	37	8
Útreiknuð skv. H-W	22.27	30.963	12.50 8

H-W: Hardy -Weinberg jafna. EKKI er marktækur munur á útreiknaðri tíðni og uppgötvaðri tíðni skv, (2 p=0,306).

náms er skipt í fjóra flokka sjá. Einstaklingunum voru gefnar tölurnar 0-4 eftir því hversu marga þætti þeir hafa. Nog er að hafa annan af tveimur í hverjum lið til þess að fá eitt stig. Í töflu 3. má sjá hvernig sjúklingahópurinn stigast eftir skiptingunni sem lýst var á undan.

Tafla 4. sýnir hversu marga áhættuþætti sjúklingarnir hafa. Marktæk fylgni fannst milli þess að bera 4G/4G erfðabreytileik-

Tíðni	Kviðfitukarlar	Heilbrigðir
Arfgerða	(n=64)	(n=108)
4G/4G	19 (29,7%)	40 (37,0%)
4G/5G	37 (57,8%)	50 (46,3%)
5G/5G	8 (12,5%)	18 (16,7%)

Tafla 2. Sýnir samanburð á arfgerðum kviðfitukarla og heilbrigðra Íslendinga. EKKI fannst marktækur munur þar á (2 p=0,34).

HDL < 1.0 mmól/L	Glúk. > 6.7 mmól/L	BMI > 30.0	STP > 160 mm Hg
eða	eða	eða	eða
Þrig > 2,3 mmól/L	Insúlín > 13.0 U/L	WHR > 1.0	DTP > 95 mm Hg

28

17

30

11

Tafla 3. Þrig: þríglíseríðar, glúk: glúkósi, STP: systolic þrýstingur, DTP: diastolic þrýstingur. Tölurnar er sá fjöldi sem greindist með hvert stig fyrir sig.

ilvægum stað vegna þess að tvö umritunar-prótein reyndust hafa bindisæti á þessum stað og 4G samsætan gat einungist bundið annað af þessum tveimur proteinum (18).

Rannsóknir hafa sýnt fram á að tengsl séu

sega hjá offitusjúklingum.

Íslenskt þýði hefur áður verið athugað í tengslum við unga kransæðasjúklinga og reyndist tíðni samsætanna vera  $4G=0,61$  og  $4G=0,39$  (15). Svipuð tíðni samsætanna

Sjúklingar m. 1 áhættuþatt	Sjúklingar m. 2 áhættuþætti	Sjúklingar m. 3 áhættuþætti	Sjúklingar m. 4 áhættuþætti
25	15	9	1

Tafla 4. Fjöldi áhættuþáttu hjá hverjum súklingi.

á milli þess að bera  $4G/4G$  erfðabreytileikann í PAI-1 geninu og þess að fá kransæðastíflu fyrir 45 ára aldur (2). Naoharu et al. fengu fylgni á milli kynferðis, BMI, fastandi insúlins og þess að bera 4G samsætuna og hárrar þéttni PAI-1 í plasma (7). Í þessari rannsókn kom í ljós að arfgerðin  $4G/4G$  spáir vel fyrir um samsöfnum áhættuþáttu heilkennis insúlín viðnáms. Einnig hefur verið sýnt fram á tengsl á milli  $4G$  samsætunnar og þess að hafa háa þéttni PAI-1 í plasma hjá og feitum einsraklingum. Mjög mismunandi niðurstöður hafa verið birtar um það hvort tengsl séu milli þessara þátta og fullorðins sykursýki. Athyglisvert er að nýjar rannsóknir sýna fram á framleiðslu PAI-1 í fitufrumum og þá sérstaklega kviðfitu (1) og áður hefur verið sýnt fram á aukna hættu á því að fá bláæða-

fékkst í okkar rannsókn  $4G=0,59$  og  $5G=0,41$ . Ekki fannst marktækur munur á arfgerðum þessa heilbrigða hóps og kviðfitukarlanna. Í okkar rannsókn reyndust þeir arfblendnu vera með flesta áhættuþætti tengda samsöfnun en þess ber að geta að ekki var um eiginlegan sjúklingahóp að ræða. Þessum hóp var safnað saman á heilsuræktarstöðvum svo ekki er ólíklegt að ákveðið val verði þannig að þessir einstaklingar séu farnir að hugsa meira um heilsu sína en aðrir. Hugsanlega gæti svo verið að arfhreinir  $4G/4G$  einstaklingar sem einnig hafa mikla kviðfitu séu þegar komnir á einhverja meðferð vegna einhverra þátta sem tengjast heilkenni insúlín viðnáms. Marktæk fylgni fannst milli þess að bera  $4G$  samsætuna og þess að hafa BMI yfir 30 og WHR yfir 1,0 þ.e. offita eins og áður hefur

# Frá sjúklingi til rannsóknastofu



Gæði blóðsýnisins eru tryggð í B+D Vacutainer.



Vacutainer blóðtökukerfið er þægilegt í notkun.

B+D með öryggið að leiðarljósi frá upphafi.

**BECTON  
DICKINSON**  
VACUTAINER® SYSTEMS

Leiðandi í þróun blóðtökutækni

Íslensk Ameríkska  
Sími 587 2700

**VITROS** System  
Chemistry

## Mælitæki fyrir meinefnafræði

Bjóðum fjölbreytt úrval mælitækja fyrir sjúkrahús og heilsugæslustöðvar.

- Valið af „American Health Foundation“ sem bestu tæki fyrir kólestról skimanir.
  - Notar aðeins 10 µl af sermi eða plasma/mælingu.
  - Yfir 40 mælingar fáanlegar.
  - Blóðfita og bilirubin trufla engar mælingar.
  - Afköst frá 100 til 950 svör á klukkustund.

**Johnson & Johnson** Ortho Clinical Diagnostics



A KARLSSON HF  
Brautarholti 28, Reykjavík  
Sími 5 600 900

verið lýst (Juhan-Vague 1997). Taka þarf þó þessar tölur með varúð þar sem tölfræðiúrvinnsla er ekki fullunnin. Verið er að einangra DNA bindiprótein sem hafa áhrif á PAI-1 stýrisvæðið. 4G/5G svæðið virðist binda a.m.k. two umritunarþætti, annar með jákvæð áhrif, hinn með neikvæð áhrif (18) og munu þær niðurstöður ef til vill gefa nánari hugmyndir um þýðingu þessa erfðabreytileika fyrir meinmyndun þessa sjúkdómsástands. Greinilegt er þó að PAI-1 er einn hlekkur í heilkenni insúlin viðnáms, en nákvæmlega hvernig er enn óljóst.

Silja Dröfn Sæmundsdóttir

#### Heimildir

1. Vague I.J, Alessi M.C. „PAI-1 Obesity, Insulin Resistance and Risk of Cardiovascular Events „. Thrombosis and Haemostasis 1997; 656-660.
2. Hamsten A, De Faire U, Walldius G, Dahlén G, Szamosi A, Landou C, Blombäck M, Wiman B. „Plasminogen activator inhibitor in plasma: Risk factor for recurrent myocardial infarction“ The Lancet: 1987; 2:3-9.
3. Vague J.I, Alessi M.C. „Fibrinolysis and risk of coronary artery disease“. Fibrinolysis 1996; 10:127-136.
4. Catto A.J, Carter A.M, Stickland M, Bamford J.M, Davies J.A, Grant P.J. „Plasminogen Activator Inhibitor-1 (PAI-1) 4G/5G Promoter Polymorphism and Levels in Subjects with Cerebrovascular Disease.“ Thrombosis and Haemostasis 1997; 730-734.
5. Nordenhem A. & Wiman B. „ Plasminogen activator inhibitor-1 (PAI-1) content in platelet from healthy individuals genotyped for the 4G/5G polymorphism in the PAI-1 gene“. Scand J Clin Lab Invest 1997; 453-462.
6. Alessi M.C, Peiretti F, Morange P, Henry M, Nalbone G, and Vague I.J. „Production of Plasminogen Activator Inhibitor 1 by Human Adipose Tissue.“ Diabetes 1997; 860-867.
7. Naoharu Iwai, Hitoshi Shimoike, Yasuyuki Nakamura, Shinji Tamaki, Masahiko Konoshita. „The 4G/5G polymorphism of the plasminogen activator inhibitor gene is associated with the time course of progression to acute coronary syndromes.“ Atherosclerosis 1998; 109-114.
8. Eriksson P, Reynisdóttir S, Lönnqvist F, Stemme V, Hamsten A, Arner P. „Adipose tissue secretion of plasminogen activator inhibitor-1 in non-obese and obese individuals.“ Diabetologia 1998; 65-71.
9. Wiman B. „Plasminogen activator inhibitor-1 (PAI-1) in plasma: Its role in thrombotic disease.“ Thrombosis and Haemostasis 1995; 74: 71-76.
10. Falk G, Almqvist Ḷ Nordenhem A, Svensson H, Wiman B. „Allele Specific PCR for Detection of a Sequence Polymorphism in the Promoter Region of the Plasminogen Activator Inhibitor-1 (PAI-1) Gene.“ Fibrinolysis 1995; 170-174.
11. Eriksson P, Kalllin B, Van't Hooft F.M, BÅvenholm P, Hamsten A. „Allele-specific increase in basal transcription of the plasminogen-activator inhibitor 1 gene is associated with myocardial infarction.“ Medical Sciences 1995; 1851-1855.
12. Dawson S.J, Wiman B, Hamsten A, Green F, Humphries S, Henney A.M. „The two Allele Sequences of a Common Polymorphism in the Promoter of the Plasminogen Activator Inhibitor-1 (PAI-1) gene Respond Differently to Interleukin-1 in HepG2 Cells.“ The Journal of Biological Chemistry 1993; 10739-10745.
13. Sigurðardóttir Ó. „Studies on PAI-1, vitronectin and their interactions.“ Doktorsritgerð við Karolinska Institutet i Stokkhólmi 1994.
14. Andreotti F, Davies G, Hackett D, Khan M, De Bart A, Aber V, Maseri A, Kluft C. „Major circadian fluctuations in fibrinolytic factors and possible relevance to time of onset of myocardial infarction, sudden cardiac death and stroke.“ Am J Cardiol 1988; 62: 635-637.
15. Hansdóttir S. „5G/4G erfðabreytileiki í geni plasminogen activator inhibitor (PAI-1) hjá heilbrigðum Íslendingum og ungum kransæðasjúklingum.“ Rannsóknarverkefni læknadeilda Há. Framkvæmd á Rannsókn SHR 1996.
16. Dieffenbach C.W, Dveksler C.S. „PCR primer a laboratory manual.“ Cold spring harbor laboratory press 1995; 37-51.
17. Humphries S.E, Lane A, Dawson S.J, Green F.R. „The study og gene-environment interaction that influence thrombosis and fibrinolysis.“ Arch Pathol Lab Med 1992; 116:1322-1329.
18. Almqvist Ḷ Falk G, Eriksson P, Wiman B. „Purification of DNA binding protein that interact with the PAI-1 promoter.“ Oral presentations: Regulation of gene expression. 1998; 61
19. Strandberg L, Ny T. „the organization og the human-plasminogen-activator-inhibitor-1 gene.“ Eur J Biochem 1988; 176:609-616.
20. Van Mourik J, Lawrence D, Loskutoff D, „Purification of an inhibitor of plasminogen activator (antiactivator) synthesized by endothelial cells.“ 1984; 259:14914-14921. [MJ1]

# Spilaðu með, stundum vinnur þú, Háskóli Íslands vinnur alltaf!

Velgengni Happdrættis Háskólans birtist í öflugum Háskóla Íslands sem veltir nú nær 6000 stúdentum aðstöðu til náms og álíka fjöldi sækir til hans almenningsfræðslu, endurmenntun og nám með starfi.

Happdrætti Háskólans hefur í rúm 60 ár kostað flestar byggingar Háskólans og á seinni árum nær öll tæki til rannsóknna, töluver og tölvunet, sem

tengja kennslu- og rannsóknarumhverfi Háskólans við stofnanir og fyrirtæki um land allt og um allan heim.

Því er varla til sá Íslendingur sem ekki nýtur góðs af öflugum háskóla á einn eða annan hátt.



**HAPPDRÆTTI  
HÁSKÓLA ÍSLANDS**  
*vænlegast til vinnings!*

YDDA F53 156/SIA



**Leica**

*Ný hönnun - ný kynslóð*

*Einstök myndgæði*

*Notendavæn*

 **augasteinn**

# ADALFUNDUR 17. APRÍL 1999

## Skýrsla stjórnar

Eftirtaldir meinatæknar sátu í stjórn Meina-tæknafelags Íslands á síðasta starfsári og skiptu þannig með sér verkum:

### Formaður:

Ásta Björg Björnsdóttir



### Varaformaður:

Guðrún Þóroddsdóttir

### Gjaldkeri:

Pórunn Inga Runólfssdóttir

### Ritari:

Hafdís Hafsteinsdóttir

### Meðstjórnendur:

Soffía Björnsdóttir

Líney Símonardóttir

Helga Sördal

Þær Guðrún Þórodds og Pórunn Inga gáfu kost á sér til endurkjörs. Formaður gaf einnig kost á sér til endurkjörs.

Vil ég nota tækifæðið og þakka stjórninni gott og farsælt samstarf. Einnig vil ég þakka öllum þeim meinatæknum sem starfað hafa í nefndum og ráðum fyrir félagið þeirra fram- lag til betra félagsstarfs.

### Stjórnarfundir

Stjórnarfundir á síðasta starfsári voru að jafnaði mánaðarlega nema yfir hásumarið.

Mál sem stjórnin ræddi á fundum sínum voru af ýmsum toga. Staða samningamál- anna var rædd á hverjum fundi.

Reynslan af því að gefa út tvö blöð á ári var það góð að stjórn ákvað að halda því áfram meðan að blaðaútgáfan yrði ekki baggi á félaginu.

### Frumvörp til umsagna

Ýmis frumvörp til laga hafa verið send félaginu til umsagnar. Tvö þeirra sem varða meinatækna verulega hafa ekki komið enn fyrir þing, þau eru frumvarp til laga um breyttann Tækniháskóla og frumvarp um breytingar á lögum um heilbrigðisstéttir. Staða Tækniiskólans er í skoðun hjá ráðuneytinu og er verið að vinna að tillögu um að samhæfa nám að því námi sem er í Há-skóla Íslands. Félög innan BHM sem eru með lögvernduð starfsheiti og er fjallað um í frumvarpi um lög um heilbrigðisstéttir hafa fundað saman. Félögin hafa borið saman bækur sínar um álit og umsögn varðandi frumvarpið.

Reglur um endurmenntunarnefnd félags-ins og Tækniiskólans voru endurskoðaðar og færðar að því sem unnið hefur verið eftir.

## **Deilumál**

Tvö álitamál voru send laganefnd BHM til skoðunar og umsagnar. Bæði snertu þau meinatækna sem starfa á Ríkisspítolum.

Hlutverk stéttarfélaga er að standa vörð um réttindi félagsmanna sem segir til í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur.

Stjórnin hefur haft af því áhyggjur að umræðan meðal félagsmanna hafi verið nei-kvað. Það er ljóst að í deilum eins og voru við Ríkisspítala, ýfast upp tilfinningar gagnvart félaginu. Uppsagnir eru mál hvers og eins. Félagið hefur friðarskyldu að gegna á sammingstíma samkvæmt lögum. Framkvæmdastjóri BHM varaði stjórn fé-

lagsins við því að hafa nokkur afskipti af þeim deilum. Félagið var gjörsamlega umboðslauð í þessari deilu og mátti það öllum vera ljóst áður en af stað var farið.

Þau mál sem verið er að vinna að á vettvangi stéttarfélaga og bandalagi þeirra fara oft hljótt og enginn verður oft var við, fyrr en á reynir. Má þar nefna t.d. réttindamál og breyting á fæðingaorlofi, hagsmunagæslu lífeyrisréttinda svo eitthvað sé nefnt. Vinnutímasamningurinn er nýtt mál sem félagið hefur verið að vinna að og reynt að koma fram með breytingar til hagsbóta fyrir meinatækna á landsbyggðinni og hafa ekki afleysingu.



**Vinnu- og sjúkra-skór í úrvali**



**Herra og dömu  
sjúkrasokkar  
í öllum litum**

**REMEDIA**

## Skuldabréfamálið

Álit umboðsmanns Alþingis liggur nú fyrir í skuldabréfamálinu. Samkvæmt ráðleggingu lögmanns mun stjórnin leggja til hér undir liðunum fjárhagsáætlun að stjórn kjara-deilusjóðs verði falið að taka ákvörðun um hvernig bréfin verði afskrifuð og gengið frá því máli. Það er ljóst að í álti umboðsmanna er umdeilanlegt hvaða forsendur skattstofan notaði við álagninguna. En engu að síður hafi það verið heimilt.

Stjórn MTÍ sér ekki tilgang með frekari málarekstri þar sem sýnt þykir að ekki fáist hnekkt ákvörðun skattayfirvald með álögur á þessar greiðslur. Peningum félagsins væri ekki vel varið á þann hátt.

## Rekstur skrifstofu

Rekstur skrifstofunnar gekk vel á liðnu tímabili þrátt fyrir aukin umsvif. Skrifstofustjóri er Margrét Eggerts dóttir

Opnunartími skrifstofu er mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga frá kl 13-16

Formaður er við flesta daga fyrir hádegi og svarar spurningum um réttindi félagsmanna

## Breytingar hjá BHM

Á síðasta áru urðu miklar breytingar á stjórn og starfsliði Bandalags háskólamanna. Eftir aðalfundi í apríl sagði framkvæmdastjóri af sér. Nýr var ráðinn en hann sagði líka af sér eftir tveggja mánaða starf. Sá sem var ráðinn á haustdögum er Gísli Tryggvason. Ný stjórn var kosin á auka aðalfundi í oktober. Á báðum aðalfundunum var lögð á hersla á að fara í skipulagsvinnu hjá BHM.

Skipulagsnefnd BHM hefur fundað með fulltrúa MTÍ um hugsanlegar breytingar og verkaskiptingu milli BHM og aðildarfélaga.

Liggja nú tillögur fyrir miðstjórn um breytta verkaskiptingu og hugmyndir um endurgreiðslu á áðurgreiddum félagskjöldum BHM til félaganna ef þau sinna ákveðnum þáttum. Félagskjöldunum sjálfum er einungis hægt að breyta á aðalfundi.

Breyting hefur orðið á miðstjórnarfundur félagsins. Formaður var kjörinn í stjórn BHM og Martha varð fullrúi félagsins í miðstjórn.

## Miðstjórnarfundir BHM

Umræður á miðstjórnarfundum voru að vanda af margvíslegum toga en fyrst og fremst snérust þær um réttindi og kjaramál. Stofnun sjúkrasjóðs bandalagsins hefur verið rædd. Samþykktir fyrir sjóðinn eru samþykktar á aðalfundi. Stofnfundur verður haldinn á næstunni. Á miðstjórnarfundum hafa líka verið rædd málefni sem snerta kjaramál allra aðiladarfélaganna s.s. frammi-stöðumat, jafnréttismál og fæðingarorlof svo eitthvað sé nefnt.

Lítill tími hefur verið til að sinna faglegum málum meinatækna en nú er vonandi að koma smá lag til að sinna þeim þætti af krafti þega búið verður að ganga formlega frá öllum samningum.

## Alþjóðaþing Meinatækna

Formaður sótti alþjóðaþing meinatækna í Singapore. Var Martha kosin til vonandi formaður alþjóðasamtakanna og verður því kosin formaður árið 2000 í Vancouver.

Meinatæknafélagið gerðist stofnaðili að nýjum Evrópusamtökum. Nýju samtökin sameina öll félög meinatækna í Evrópu bæði innan og utan Evrópubandalagsins og er stefnt að því að leggja niður hin tvö samtökin nú í vor.

Gagnsemi alþjóðlegrar samvinnu er mikil. Að mynda persónuleg tengsl við stjórnarmenn í öðrum löndum er mikilvægt. Þannig fást staðgóðar upplýsingar sem fleyta okkur áfram hratt og örugglega. Við þurfum ekki að finna upp hjólið í hvert sinn. Gæðamál hafa mikið verið rædd á þessum vettvangi. Einnig aðkoma meinatækna að samþykktum og stöðlum sem verið er að setja á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi. Nýju Evrópusamtök meinatækna eru að vinna að því að komast inn að borði heilbrigðisstéttu í Evrópu. Lengi sátu læknar einir að því borði. Hjúkrunarfræðingar hafa potað sér að og þykir nú meinatæknum tími til að hætta þessari hæversku og koma sér að og sjónarmiðum meintækna.

## Fundir með ráðherrum

Formaður fór á fund ráðherra á árinu. Farið var til fjármálaráðherra, þar sem lýst var yfir áhyggjum á framkvæmd nýs launakerfis.

Einnig var farið til menntmálaráðherra til að lýsa áhyggjum meinatækna af stöðu námsins og fækkun nema í árgögum í meinatæknadeild TÍ.

Finnur Ingólfsson var einnig heimsóttur til að kynna þá hugmynd að meinatækna kölluðust tæknifræðingar að loknu námi. Iðnaðarráðherra vísaði þessu máli til umsagnar Tæknifræðingafélags Íslands. Þar sem málið er í skoðun.

Óskað hefur verið eftir fundi með heilbrigðisráðherra og þá meðal annars til að vekja athygli á aldri stéttarinnar. Það er áhyggjuefni hve aldurs dreifing er lítil og var það einnig rætt við menntmálaráðherra. Við þurfum fjölgun nema í meinatækni og það alveg á næstunni.

Haustfundur var að vanda og á honum kósin samninganefnd. Undirbúningur fyrir næstu samningalotu hefst strax í haust, en samningar eru lausir í október árið 2000. Erindi á fundinum var um siðfræðileg álitamál.

## Eftir aðalfund var haldinn félagsfundur norðan heiða

Á þeim fundi var skýrsla stjórnar kynnt, reikningar félagsins lagðir fram og rætt um þau málefni sem efst voru á baugi. Ánægjulegt er að sjá hve góð mæting meinatækna. Þessir fundir afar nauðsynlegir í starfsemi félagsins. Þar sem MTÍ er landsfélag er nauðsynlegt með öllu móti að efla tengsl við félagsmenn á landsbyggðinni.

Ritnefnd er í blaðaútgáfu að venju og eru gefin út tvö blöð á ári. Steinunn Oddsdóttir ritsjóri hefur ákveðið að hætta ritstjórn blaðsins og eru henni þökkuð vel unnin störf.

## Auglýst var eftir ritstjóra

Þegar litið er yfir síðasta starfstímabil eins og við höfum gert núna sést í hnotskurn að mál málanna eru kjara- og réttindamál. Breytingin sem varð á launakerfinu við síðustu samninga hefur breytt samningastarfi félagsins. Ferlið er orðið mun lengra og er nær hverjum félagsmanni á hverjum stað. Stéttarfélög þurfa að aðlagu sig breyttu umhverfi þróa nýja starfshætti svo þau megi best þjóna félagsmönnum. Þá með fræðsluefni, sameiginlegum fundum eða námskeiðum sem styrkir félagsmenn í því starfi sem snýr að samningum um kaup og kjör.



## Tilraunastöðin að Keldum

Sýkladeild

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum tók til starfa haustið 1948 og varð því 50 ára í fyrra. Ýmislegt var gert að því tilefni m.a. var í ágúst 1998 ráðstefna með yfirskriftina Prion og Lentiviral sjúkdómar ( Symposium on Prion and Lentiviral diseases ). Í byrjun október var svo opið hús að Keldum sem var mjög vel sótt. Síðar var starfsmönnum boðið í dagsferðalag um sveitir Borgarfjarðar sem endaði með matar-og skemmtiveisu að hætti Keldna. Allar þessar uppákomur þóttu heppnast einstaklega vel.

Við stofnunina starfa að jafnaði 60 manns, en að auki hafa 10 starfsmenn yfir-dýralæknisembættisins aðsetur á Keldum.

Tilraunastöðin heyrir undir menntamálaráðuneytið og er tengd læknadeild Háskóla Íslands.

Starfssvið Tilraunastöðvarinnar er mjög fjölbreytt bæði á sviði rannsókna og þjónustu í þágu manna og dýra. Starfsmenn eru í samstarfi við fjölmarga aðila innan lands og utan bæði á sviði rannsóknar- og þjónustuverkefna. Ýmis konar grunnrannsóknir eru megin viðfangsefni stofnunarinnar. Hluti þessara verkefna eru fjármögnuð með styrkjum. Hér vinna núna 4 meinatæknar Steinunn Árnadóttir í vefjameinafræði, Sigríður Matthíásdóttir í veiru- og ónæmisfræði, Helga Sördal í bóluefnisdeild og undirrituð í sýkladeild.

Bóluefnis og sýkladeild vinna mikið saman, eru undir sama hatti með góðan yfírmann dr. Eggert Gunnarsson, dýralækni.

Á þessum tveimur deildum vinna núna 9 manns : Dýralæknir, ónæmisfræðingur,

2 meinatæknar, 2 líffræðingar, 2 sérhæfðir starfsmenn og líffræðinemi.

Á bóluefnisdeild er stunduð framleiðsla á bóluefnum og mótefnasermi gegn sjúkdóum í sauðfé en hún hefur verið veigamikill þáttur í starfsemi Tilraunastöðvarinnar frá upphafi. Stærsta hluta framleiðslunnar er beint gegn sjúkdóum af völdum Clostridium baktería og er einn þessara sjúkdóma lambablóðsótt í ungum lömbum sem Clostridium perfringens veldur. Ég mun ekki fara nánar út í starfsemi bóluefnisdeilda en vona að það verði gert síðar í þessu blaði . Hér á eftir mun ég stikla á stóru um starfsemina á sýkladeild, þ.e.a.s það sem snýr að mér.

### Starfsemi sýkladeilda.

Stundaðar eru almennar þjónusturannsóknir og grunnrannsóknir í sýklafraði.

#### Þjónusturannsóknir:

##### Um er að ræða þjónustu við:

- Bændur og aðra dýraeigendur.
- Yfirdýralæknisembættið og dýralækna almennt.
- Vísindamenn innan stofnunar sem utan.

### Dæmi um þjónusturannsóknir sem stundaðar eru á sýkladeild

• **Salmonellaeftirlit:** Eftirlit með kjúklingum og öðrum alifuglum í eldi, sláturafurðum og annað eftirlit.

• **Ræktanir og greining á sjúkdómsvaldandi sýklum.**

• **Blóðpróf vegna útflutnings á hrossum.**



Starfsmenn bóluefnis- og sýkladeilda

Gert er cogginspróf (agardreifipróf) þar sem leitað er að mótefnum gegn Equine Infectious Anemia virus. Þessi vírus hefur ekki fundist hér á landi en innflytjendur í Evrópu setja skilyrði um að vottorð fylgi innfluttum hestum.

##### • Leit að fúkalyfjum í sláturafurðum og mjólkursýnum.

Við fáum send inn kinda, hrossa, svína og nautgrípanýru frá sláturhúsum um allt land og mjólkurbúin senda okkur tanksýni. Á þessum sýnum eru gerð fúkalyfjapróf.

• **Eftirlit með plasmacytosismiti í alimink.** Plasmacytosis er hæggengur veirusjúk-

dómur af völdum parvoveiru. Veiran er mjög harðger og erfitt að útrýma henni. Gert er rafdráttaragarpróf þar sem leitað er að mótefnum gegn veirunni í blóði dýranna.

- **Blóðrannsóknir:** Blóðmeina- og mein-efnafræði. Gerðar eru allar algengustu mælingarnar sem þörf er á. Við mælum u.þ.b 20 mismunandi mælingar á Unifast 3 analyser (filter ljósmælir) og hefur það tæki reynst á-gætlega. Tækjakostur í blóðmeinafræði er frekar líttill og mæliaðferðir gamaldags en gera sitt gagn.

- **Trikinuleit í slátafurðum hrossa.** Við fáum send vöðvasýni úr þind og er leitað að Trikinum í þeim. Trikinur hafa aldrei fundist hér á landi en rannsóknin er framkvæmd að kröfu innflyttjenda íslensks hrossakjöts í Evrópu.

- **Greining á heymæði í mönnum og**

**hrossum.** Það eru sveppir í mygluðu heyi sem valda þessum ofnæmissjúkdómi (hey-mæði). Gert er agardiffusions test eða felli-próf, þar sem leitað er að mótefnum gegn sveppum sem geta valdið heymæði.

#### Dæmi um grunnrannsóknir sem stundaðar eru á sýkladeild.

- **Rannsóknir á útbreiðslu salmonella-sýkinga í sauðfé.**
- **Rannsóknir á útbreiðslu campylobacter sýkilsins og samanburður á campylobacter stofnum.** Tekin eru sýni frá kjúklingum, öðru fiðurfé, svínum, sauðfé, nautgripum, fololdum og fleiri dýrategundum. Verkefnið er samvinnuverkefni sem Sýkladeildin á Keldum ásamt 5 öðrum rannsóknarstofum tekur þátt í og er styrkt af Rannís og Umhverfisráðuneytinu.



• **Rannsóknarverkefni á útbreiðslu veirusýkinga af völdum FIV ( Feline Immunodeficiency Virus) og FEL ( Feline Leukemia Virus) í köttum.**

• **Pá veitum við þjónustu á sviði blóðmeinafræði vegna sérstakra rannsóknarverkefna** sem dæmi má taka rannsóknir Auðar Arnþórssdóttur á Hvanneyri á örsökum júgurbólgu hjá fyrsta kálfs kvígum og rannsóknir Porsteins Ólafssonar hjá MBF á selenbúskap í nautgripum.

• **Rannsóknir á votheysveikisýklinum**

**Listeria monocytogenes.** Verkefnið er að hluti af doktorsnámi Kristínar Bjargar Guðmundsdóttur, dýralæknis.

• **Pað eru fleiri rannsóknir í gangi á bóluefnis og sýkladeild s.s. rannsóknir á eiturefnum Clostridium sýkla, rannsóknir vegna endurbóta á bóluefnum, tilraunir með þykkingu mótefnassermis en ég mun ekki fara nánar út í þær.**

Eins og sést á ofangreindum línum er starfsemin hér á deildinni býsna fjölbreytt og hefur hún aukist jafnt og þétt, aðallega þó þétt undanfarið. Pað er s.s meir en nóg að gera en það er nú á fleiri stöðum.

Ég byrjaði að vinna á sýkladeild Tilraunastöðvarinnar í nóvember 1996. Fyrst var ég ráðin tímbundið en nú er ég í föstu starfi og uni hag mínum mjög vel.

Ég geng í öll störf sem viðkemur daglegum rekstri deildarinnar. Tek á móti eða tek sýni, skrái þau til rannsóknar og fylgi þeim síðan eftir í úrvinnslu þetta á bæði við

þjónustu og grunnrannsóknarvinnu. Kostirnir við starfið er að það er fjölbreytt og það koma stöðugt inn spennandi og fræðandi verkefni.

Aðstaðan er mjög góð, hún hefur verið endurbætt mjög mikið á undanförnum árum og enn er verið að, við að búa sem best í haginn fyrir dýr og menn.

Ekki skemmir það fyrir að umhverfið hér á Keldum er gefandi, þér finnst þú vera komin upp í sveit en ert í rauninni inn í miðri borg .

Bestu kveðjur !

Guðbjörn Jónsdóttir

INTERNATIONAL  
ASSOCIATION  
OF MEDICAL  
LABORATORY  
TECHNOLOGISTS

IN PURSUIT OF GLOBAL EXCELLENCE

Challenge  
2000

VANCOUVER, CANADA

JUNE 18 - 23, 2000

Organized by the Canadian Society for  
Medical Laboratory Science

Congress Secretariat - Challenge 2000

#101-1001 W. Broadway, Dept. 144  
Vancouver, B.C., Canada V6H 4E4

Phone & Fax: (250) 923-1937  
E-mail: c2000@csmls.org

For more information and a complete program listing  
visit our web site at:  
[www.csmls.org/c2000.htm](http://www.csmls.org/c2000.htm)



Hluti gönguklúbbsins „Aðskildir fætur“ í hvíldarstöðu í Ingólfssbrekku við Ingólfssjörð, einn brattasta fjallveg landsins

## Aðskildir fætur gönguklúbbur meinatækna.

„Við skírðum gönguhópinn okkar Aðskildir fætur vegna þess að það gefur auga leið að þegar annar fóturinn er settur fram fyrir hinn þá aðskiljast þeir. Síðan mega menn túlka þetta, hver á sinn hátt,“ segja þær: Anna Guðrún Sigurðardóttir, fararstjóri og Vigdís Fjeldsted, aðstoðarfalarstjóri. „Stór gönguhópur verður einfaldlega að heita eitt-hvað.“

Í upphafi auglýsti Anna Guðrún eftir göngufélögum á vinnustað sínum á Rannsóknastofu Landsspítala. Göngufélagarnir komu fljótt, áhuginn var mikill 23 göngugarpar skráðu sig í fyrstu ferðina. Í byrjun var farið upp í Heiðmörk og gengið í 1-2 tíma, einu sinni í viku eftir vinnu.

Nú verður þeim stöllum, Önnu Guðrúnu og Vigdísí gefið orðið:

„Gönguklúbburinn okkar var stofnaður formlega 17. júní 1991. Þá var farið í mjög skemmtilega ferð í Skaftafell. Eftir þá ferð fóru hjólin að snúast. Eða eins og betra væri að segja, tóku gönguskórnir að slitna.

Auk okkar meinataekna eru það makar, börn og hundar sem fara í ferðir með okkur. Markmið hópsins er að njóta útvistar saman. Það er skemmtilegra að njóta náttúrufegurðar landsins í hópi en einn síns liðs.

Árið 1993 fórum við í fyrstu alvöru bak-pokaferðina. Sú ferð var á Fimmvörðuháls, en það kallast hálsinn milli Þórsmerkur og Skóga. Við gistum eina nótt í skála Útvistar á Fimmvörðuhálsi. Í þeiri ferð fengum við sneiðmynd af íslensku veðurfari. Við lögðum af stað í blíðskapar veðri á stuttbuxnum og ermalausum bolum, síðan rigndi svo

kom haglél, loks hávaða rok. Þegar við komum að skála Útvistar grilluðum við okkar steik þrátt fyrir veðurfareið. Eftir það hafa ferðir okkar sí-fellt verið að lengjast. Við fórum í t.d. síðast í fjögurra daga ferð með hópinn vestur í Árneshrepp á Ströndum og þar var margt að skoða.

Gönguhópurinn fer alltaf eina fasta ferð á ári. En sú ferð er alltaf farin síðustu helgina í ágúst. Peir sem ætla með í þá ferð gera ráð fyrir henni í sumaráætluninni.

Nú er á döfínni hjá okkur að fara til útlanda næsta sumar. Það yrði þá fyrsta ferðin út fyrir landsteinana. Þá er ætlunin að fara og skoða skosku hálendin. Pannig að í veturn verðum við að vera dugleg að safna til þeirrar ferðar ef eitthvað verður eftir til að leggja fyrir af launum okkar. Hver og einn verður að safna fyrir sig og sjá um að eiga fyrir ferðinni. Það er einnig mjög skemmti-



Anna G. Sigurðard. Vigdís Fjeldsted, Sigrún Rafnsd.  
Einar Kristins. Anna S. Ingvars.

legt að þó að fólk hætti að vinna hér þá heldur það áfram að koma í ferðir með okkur.

Það þarf mikið að skipuleggja fyrir hverja ferð og þá sérstaklega lengri ferðir. Leigja þarf rútu, útvega gistingu, athuga skoðunarferðir sem eru í boði, athuga hvort matsölu-staðir séu opnir o.s.frv. Fyrir hverja ferð eru margar hringingar út um borg og bí. Við



Vigdís Fjeldsted, Vigdís Gunnlaugsd. Anna Arnþórsd. Hafdís Hafsteinsd. Tryggvi Jónsson á fimmvörðuhálsi  
fyrsta helgarferðinni horfa á félaga sína renna sér niður Bröttufönn

erum búin að átta okkur á því að veðurfarið á Íslandi er umhleypingasamt. Því verður alltaf að að hafa í ferðaáætlun okkar, áætlun tvö þar sem hægt er að fara er veðrið er vont á upphaflega áætlunastaðnum.

Það er ódýrt að ferðast á þennan hátt. Mestu kostnaðarliðirnir eru í gistingu og rútu. En hinsvegar erum við mjög tillitssöm og óþvinguð á húsnæði. Við sofum bara saman í einu herbergi. Það er búið að finna upp eyrnatappana og við notum þá bara ef í harðbakka slær svo má einnig notast við hrotubanann.

Það er mikið fjör í ferðum Aðskilda fóta. Það er svo gaman að fólk mætir í ferðir með okkur með brotna hnéskel. Fólk er tilbúið að sitja í rútunni allan tímann til að vera með í för svo það missi ekki af skemmtuninni. Við erum búin að fá mjög góðan rútbílstjóra. Fyrir utan það að vera góður rútbílstjóri þá kann hann líka á harmonikku. Það er því orðin hefð í ferðum okkar, að eft-

ir matinn þá dregur Siguðrur eiginmaður Ólafar Kristjánsdóttur meinataeknis upp harmonikkuna og bílstjórinn líka. Allir syngja og dansa svo lengi sem þeir hafa úthald til. Enda hafa meinatæknar æfingu í því að vaka lengi og sofa stutt.

Það er einnig búið að hanna barmmerki fyrir Aðskilda fætur. Það nélum við í okkur áður en lagt er af stað í ferð. Það vildi svo skemmtilega til að tekin var mynd af einu skópari sem hefur gengið í klúbbnum og merkið hannað út frá myndinni. Það eru sœnskir hermannskór og útkoman varð heldur betur skemmtileg eins og sjá má.“



## Styrkveiting til Vancouver 2000.

Norðurlandasamtök meinatækna styrkja símm meinatækna til farar á alþjóðaþing meinatækna í borginni Vancouver í Kanada, sem haldið verður dagana 18. - 23. júní árið 2000.

Styrkurinn er veittur einum meinatækni frá hverju landi, til að fara með poster á alþjóðaþingi og kynna hann þar. Stjórn Meinatæknaflags Íslands skorar á íslenska meinatækna að sækja um þennan styrk til fararinnar. Umsóknir þursa að berast til skrifstofru Meinatæknaflags íslands, fyrir 1. jan. árið 2000.

Norðurlandaþjóðirnar hafa verið sigursælar á mótum og hafa fengið viðurkenningu fyrir sína „postera“.

**Gaman væri ef íslenskir meinatæknar kæmust í þennan hóp!!**

# STJÓRN FÉLAGSINS OG NEFNDIR 1999 - 2000

## Stjórn

Ásta Björg Björnsdóttir formaður	sími á vinnustað	netfang
Pórunn Inga Runólfssdóttir gjaldkeri	588-9770	mti@islandia.is
Hafðís Hafsteindóttir	560-1818	
Guðrún Þródds dóttir	562-1414	
Líney Símonardóttir	525-1494	
Helga Sördal	560-1317	liney@rsp.is
Soffía Björnsdóttir	567-4700	helgags@hotmail.com
	560-1947	

## Endurskoðendur

Ingibjörg Halldórsdóttir	562-1414
Guðrún Pórunn Ingimundardóttir	525-1484

## Laganeftnd

Martha Ásdís Hjálmarsdóttir formaður	560-1953	martha@rsp.is
Guðrún Þródds dóttir	525-1494	
Ólöf Guðmundsdóttir	577-1900	
Guðrún Pórunn Ingimundardóttir	525-1484	

## Kjörstjórn

Eygló Bjarnardóttir formaður	560-1815	eglo@rsp.is
Ella Þórhallsdóttir	525-1484	
Árný Skúladóttir	525-1484	
Elín Guðmundsd.	560-1935	eg@rsp.is

## Öryggismálaneftnd

Ásbjörg Elíassen	525-1484	
Anna L Tryggvadóttir	560-1811	
Laufey Gunnarsdóttir	560-1923	laufeyg@rsp.is
Guðrún Stefánsdóttir	525-1484	
Torfhildur Jónsdóttir	560-1947/48	

## Endurmenntunarnefnd

Bryンja Guðmundsdóttir formaður	560-1814	brynjarg@rsp.is
Pórunn Inga Runólfssdóttir	560-1811	
Erla Sveinbjörnsdóttir	560-1935	erlas@rsp.is
Kristín Ása Einarsdóttir	560-1813	kristei@rsp.is
Olga Pétursdóttir	560-1947	olgap@rsp.is
Sigríður Jónsdóttir	525-1484	
Þór Steinarsson	577-1400	thorst@ti.is

## Fræðslunefnd

Kristjana Schmidt	560-1811	
Steinunn Sveinsdóttir	562-1414	marest@tv.is
Gunnhildur Ingólfssdóttir	560-1966	gunnhing@rsp.is
Guðmundur Bjarki Halldórsson	560-1947	bjarkih@itn.is
Líney Símonardóttir	560-1317	liney@rsp.is

## Stjórnir og nefndir

sími á vinnustað netfang

### Ætis og góðgætisnefnd

Sýkladeild RH-Blóðbanki og aðrar litlar deildir RSP

### Ritnefnd

Hulda Gestsdóttir ritstjóri		
Vigdís Fjeldsted	560-1818	
Kristín Steinþimsdóttir	560-1821	
Hlín Aðalsteinsdóttir	525-1484	
Guðbjörg Jónsdóttir	567-4700	gj@hi.is

### Samtök heilbrigðisstéttá

Hlín Aðalsteinsdóttir (í stjórn SHS)	525-1484	
Eygló Bjarnardóttir	560-1815	eglo@rsp.is

### Síðanefnd

Sigurðrós Jónasdóttir formaður	560-1938	sigjona@rsp.is
Silja Sæmundsdóttir	525-1484	
Elín Þórdís Björnsdóttir	560-1818	

### Stjórn Kjaradeilusjóðs

Þórunn Inga Runólfssd. gjaldkeri MTÍ	560-1811	
Ásta Björg Björnsdóttir	588-9770	mti@islandia.is
Margrét Andrésdóttir	577-1900	
Ólöf Guðmundsdóttir	577-1900	
Halla Hauksdóttir	560-1935/37	hallah@rsp.is

### Stjórn vísindasjóðs

Þuríður Elín Steinarsd	525-1484	thuridur@shr.is
Sigríður Claessen	560-1847	
Kristín Jónsdóttir	560-1947	
Ágústa Þorsteinsdóttir	431-2311	
Þórunn Inga Runólfssdóttir	560-1811	
Sigrún Stefánsdóttir	562-1414	

### Samninganeft MTÍ kosin á haustfundi 1998

Ásta Björg Björnsd.formaður	588-9770	mti@islandia.is
Anna Svanhildur Sigurðardóttir	560-1818	
Hólmfríður Hilmarsdóttir	562-1414	holmfrid@krabb.is
Rósa B. Jónsdóttir	560-1809	
Halla Stefánsdóttir	525-1484	
Martha Á. Hjálmarsdóttir	560-1953	martha@rsp.is
Olga B. Pétursdóttir	560-1947	olgap@rsp.is
<b>til vara:</b>		
Björg Brynjólfssdóttir	463-0100	
Guðrún Þróðrdsdóttir	525-1484	
Lovísa Erlendsdóttir	463-0100	
Sigurborg Billich	560-1935	seb@rsp.is
Sólveig Axelsdóttir	431-2311	



Frá stofnundi Hollvinasamtakanna

## Hollvinafélag Tækni-skóla Íslands

Þann 3. júní s.l. var stofnað Hollvinafélagag tækni-skóla Íslands. Fyrir myndin að stofnun Hollvinafélags er fengin bæði héðan frá Íslandi og einnig erlendis frá. Grunnhugmyndin með hollvinarélagi byggir á því að um gagnkvæma hagsmuni skólans, nemenda og atvinnulífsins sé að ræða. Meginmarkmiðið er að efla tengsl við fyrri nemendur, fyrirtæki og velunnara skólans.

Síðastliðið skólaár var starfandi nefnd innan Tækni-skóla sem vann að skipulagningu og stofnun hollvinafélags við skólanum. Í febrúar var þessi hugmynd kynnt þeim fagfélögum, sem tengjast Tækni-skóla Íslands. Þar var þessari hugmynd afskaplega vel tekið og stofnuð nefnd með fulltrúum úr öllum félögum ásamt aðilum úr skólanum til þess að hrinda verkinu í framkvæmd.

Stofnfundurinn tókst vel og nú eru tæplega 160 hollvinir skráðir sem stofnfélagar. Í haust munu síðan nemendur skólans verða skráðir hollvinir og verða því sjálkrafa í félaginu, þegar þeir hafa lokið námi. Ákveðið hefur verið að hollvinir fái sent reglulega fréttabréf sem miðlar upplýsingum um starf félagsins og skólans. Einnig er fyrirhugað að skipuleggja endurfundi fyrir afmælisárganga. Fyrirhugað er að hollvinum verði boðið að taka þátt í merkisviðburðum skólans. Nú í byrjun október átti Tækni-skóli Íslands 35 ára afmæli og þangað var öllum hollvinum boðið. Hollvinaráð kom saman nú í september til að skipuleggja vetrarstarfið. Í hollvinaráði eru 11 fulltrúar frá fagfélögum, skólanum, og einnig aðrir fulltrúar. Frá fagfélögunum eru eftirtaldir aðilar í hollvinaráði:

Tæknirfæðingafélag Íslands:

Óli Jón Hertervig.

Meinatæknafélag Íslands:

Edda Sóley Óskarsdóttir.

Röngentæknafélag Íslands:

Gunnhildur L. Sigurðardóttir.

Félag rekstrar- og iðnrekstrarfræðinga:

Elísabet Gísladóttir.

Félag iðnfræðinga:

Ragnar Gunnarsson.

Frá Tækniskólanum eru Nína K. Hjalta-dóttir, nemandi; Sverrir Arngrimsson, deildarstjóri og Björg Birgisdóttir, námsráðgjafi.

Aðrir fulltrúar eru Halldóra G. Matthíasdóttir, gæðastjóri hjá Íslenskum sjávarafurðum, Kristján Karlsson, hjá Menntafélagi byggingar iðnaðarins og Þorkell Jónsson, framkvæmdarstjóri hjá Samey.

Á fyrsta Hollvinaráðsfundi var kosin framkvæmdarstjórn og í henni sitja Björg Birgisdóttir, Halldóra G. Matthíasdóttir og Ragnar Gunnarsson. Verið er að vinna fréttabréf sem verður sent til félagsmanna.

Það er að sjálfsögðu alltaf hægt að skrá sig í Hollvinafélagið og því er gott að láta þær upplýsingar berast til eldri nemenda og félagsmanna í Meinatæknafélagi Ísland og að þeir sem vilja ganga í félagið geta haft samband í Tækniskólann. Einnig vil ég nota tækifærið til að þakka Meinatæknafélinu sérstaklega fyrir þeirra framlag við undirbúning og stofnun þessa félags. Því án fultrúa fagfélaganna hefði ekki verið hægt að hrinda stofnun þessa félags í framkvæmd. Björg Birgisdóttir, námsráðgjafi og kynningarfulltrúi í Tækniskóla Íslands.

## Atvinnuauglýsingar

### Líffræðingur/meinatæknir

Óskast til að vinna við rannsóknir á bóluefnum geng pneumókokkum á Rannsóknarstofu Háskólags í ónæmisfræði. Starfið felur í sér mælingar á magni, gerð og virkni mótefna, ásamt rannsóknum á frumum ónæmiskerfisins og vinnu með tilraunadýr. Rannsóknirnar eru unnar í samstarfi við innlenda og erlenda sérfræðinga. Til greina kemur að vinna að rannóknaverkefni til MS náms og sækja um innritun við Læknadeild Háskóla Íslands.

Menntun í líffræði, lífeftnarfræði, meinatæknir eða lyfjafræði er nauðsynleg og reynsla af rannsóknarstörfum æskileg.

Upplýsingar veitir Ingileif Jónsdóttir, dósent í síma 560-1962, netfang [ingileif@rsp.is](mailto:ingileif@rsp.is)



### Sjúkrahúsið og heilsugæslustöðin á Akranesi

#### Meinatæknar athugið

Staða meinatæknis er laus til umsóknar nú þegar.

Nánari upplýsingar veitir yfirmeinatæknir eða framkvæmdastjóri í síma 431 2311

# Frá SCHOTT

- pH mælar
- Titrationsbúnaður
- Seigjumælar
- Glervörur fyrir litanir
- Blátappaflöskur
- O.fl. o.fl.

Betri verð



Gæðavörur á góðu verði fyrir  
rannsóknastofur og sjúkrahús

Nýbýlavegi 28 . 200 Kópavogur . Sími 544 4040 . Fax 544 4041

SPACE

## Alhliða rannsóknartæki með:

Na/K/Cl-einingu, forriti og efnun til mælinga á 27 mismunandi prótínum,  
43 algengustu efna- og ensímmælingum, forritum og efnun til mælinga  
á hormónum og lyfjum, strikamerkjalesara fyrir sýni og prófefni,  
o.fl., o.fl.



Efnafræðistofan SKIN ehf.

Sími: 553 6448

# Er líf að loknum gæsluvöktum ?

Fulltúi úr ritnefnd Meinatæknablaðsins hafði samband við mig og spurði hvort ég gæti sett á blað hugleiðingar meinatæknis sem skiptir úr vaktavinnu yfir í dagvinnu. „Er það merkilegt?“ hugsaði ég með mér eitt andartak, en sló svo til. Það rann sem sé upp fyrir mér að vinnutími allmargra meinatækna hefur gerþreyst á undanförnum þrem árum. Allt fram á þann tíma var vaktavinna (gæsluvaktir) það vinnufyrirkomulag sem yfirgnæfandi meirihlut meintækna bjó við. En nú hefur vænn hópur þeirra gert útrás af sjúkrahúsum inn í líftækna og þar með kvatt vaktirnar.

Ég hóf störf á Rannsóknardeild Borgarspítalans að loknu nám í T.I. haustið 1973 og vann þar á gæsluvöktum í rúm 24 ár, lengst af í hlutavinnu. Í upphafi var unnið annan hvern laugardag en vaktirnar annars skikkanlegar. T.d. heyrdi til undantekninga ef maður var ekki kominn í bólið sitt upp úr miðnætti. Það þótti í frásögu færandi ef maður var ekki kallaður út aftur. Þetta eru löngu liðnir tímar eins og alkunna er og vaktirnar standa nú næturlangt. Það gat auðvita verið hundleiðinlegt að vera í vinnunni á þeim tíma sólahrings þegar allir aðrir áttu frí, að ekki sé nú minnst á hátíðir og tyllidaga. En þetta gaf samt nokkuð í aðra

hönd og vaktirnar gátu verið skemmtilegar þrátt fyrir að oft væri ómanneskulegt álag. Þessi óreglulegi vinnutími hafði líka sínar björtu hliðar. Það gat komið sér vel að vera stundum heima í miðri viku. Taka góða skorpu í eldhússkápunum þegar enginn var til þessa að trufla og geta síðan tekið á móti börnunum úr skólanum. Svo mátti líka skreppa í bæinn í mismunandi brýnum erindagjörðum. Eða bara hlaða batteríi og njóta þess að eiga rólega morgunstund, al ein með Moggan og tebollann.

Í byrjun janúar 1998 venti ég mínu kvæði í kross og fór í fulla vinnu til Krabbaneinsfélags Íslands. Í fyrstu var aðeins um tíma-bundið verkefni til eins árs að ræða. Vinnutíminn 8 tímar á dag og engin yfirvinna. Viðbrigðin voru óneitanlega mikil, enginn kom hlaupandi með „akút status, hringja svörin strax á skurðstofu II.“ Enginn spurði; „Getur þú nokkuð tekið vaktina á laugardagskvöldið?“ Hér gengur lífið í „akademísku tempói“ og fyrstu vikurnar fannst mér að ég væri sífellt að svíkjast um. Ég dauðsaknaði fríanna í miðri viku og fannst ég aldrei komast í útréttigar að gangi. En ég átti páskafrí í fyrsta skipti í 24 ár, frábært! Smá saman komst nýtt skipulag á heimilishaldið.

*Er líf að loknum gæsluvöktum*

Pegar leið að lokum upphaflegs ráðningartíma var mér boðið áframhaldandi starf hjá KÍ. Ég ræddi málin við fjölskylduna. Ætti ég að þyggja boðið eða leita aftur í vaktafyrirkomulagið sem gæfi nokkru hærri laun, auk virkra frídaga (sem ég sakna reyndar svoltíð ennþá). Og fjölskyldan, sem fram að þessu hafði ekki mikið tjáð sig um breytingarnar, rak einum rómi upp ramakvein. „EKKI MEIRI VAKTIR, TAKK!“ Öllum, stórum sem smáum, þótti sem sé mikilvægast af öllu að hafa þá gömlu heima á kvöldin og um helgar.

Áhrif vaktavinnu (með tví- eða þrískiptum vöktum) á líf, heilsu og félagslega stöðu fólks hefur mikið verðið rannnsakað. Ekki er mér kunnugt um að áhrif gæsluvakta-vinnu hafi sérstaklega verið könnuð, en lúmskan grun hef ég um að við sem höfum lifað og hrærst í þessu vinnufyrirkomulagi höfum vanmetið þau. Niðurstaða míni er í stuttu máli þessi: Það er fjölskyldulíf að loknum gæsluvöktum.

Með kveðju,  
Sigrún Stefánsdóttir



# Tillaga Samtaka iðnaðarins um nýjan tækniskóla.

Í ásgúst síðastliðnum sendu Samtök iðnaðarins (SI) tillögu til menntmálaráðherra um að stofna Tækniháskóla atvinnulífsins sem rekinn yrði sem sjálfseignastofnun.

## Hvers vegna breytingu?

Í tillöggunni lýsa SI vilja sínum til þess að vinna að því að gera þessar hugmyndir að veruleika í samvinnu við stjórnvöld. Þá benda þau á mikilvægi öflugrar mennta- og rannsóknarstofnunar í nýsköpun og þróun atvinnulífsins. Með þetta í huga, horfa SI til nágannahanda okkar þar sem samvinna háskóla og atvinnulífs er sifellt að aukast. Þar tekur atvinnulífið virkan þátt í stjórnun og rekstri háskóla um leið og verið er að laga starfsemi háskóla að breyttum þörfum samfélagsins. Til að í halda námi Tækniskólans samkeppnishæfu við sambærilegt nám erlendis telja samtökin að breytinga sé þörf.

Þau telja að stjórnskipulag Háskólans sé of þungt í ákvarðanatöku. Það hentar illa nýjum framfarasinnuðum tækniháskóla sem verður að vera snöggur að tileinka sér nýjungar í vísindum. Ef skólinn á að grípa nýjustu þekkingu á hverjum tíma þarf að t.d. að finna kennara til að kenna námsefnið og breyta námskrám og slíkar breytingar taka of langan tíma í háskólakerfinu.

Þau hófu formleg afskipti af þessu máli í

kjölfar stefnumótunarvinnu þeirra árið 1997. Þau telja bryna þörf á því að leysa þetta mál sem fyrst. Þegar horft er til framtíðar er ljóst að skortur verður á tæknimenntuðu háskóla-fólk í fyrirtækjum. Þetta vandamál eru meinatæknar farnir að sjá fyrir sér.

Starfsmenn SI hafa ráðafært sig við fjölða fyrirtækja sem byggja starfsemi sína á verk og tæknimenntuðu fólk. Forsvarsmenn þeirra fyrirtækja sem þau ráðfærðu sig við telja að öflug tækni- og verkfræðipekking sé forsenda fyrir framþróun íslensks atvinnulífs.

## Það sem er að gerast núna

Talsverð hreyfing virðist vera komin í þetta mál. Þann 30. sept. s.l. fundaði Verkfræðingafélag Íslands og Tæknifræðingafélag Íslands um stofnun Tækniháskóla. Fundinn sátu einnig menntmálaráðherra, fulltrúar verkfræðideildar HÍ og Samtaka iðnaðarins.

Í frétt sjónvarpsins sama kvöld kom fram að félög tækni- og verkfræðinga hafi á undanförnum árum sýnt áhuga á því að tækninám verði endurskipulagt og samræmt þannig að námsbrautir til tæknigráðu og verkfræðigráðu verði í boði við sömu menntastofnun. Eins og fram hefur komið í fréttum sjónvarps hafa SI sýnt áhuga að

taka þátt í stofnun tækniháskóla. Einnig hafa verið uppi hugmyndir um að tækniháskólinn sem litid er til sem grunneiningar innan tækniháskóla og verkfræði og raunvísindadeild HÍ verði sameinuð í eina stofnun.

Í viðtali fréttastofu sjónvarps, eftir fundinn sagði Logi Kristjánsson framkvæmdastjóri Verkfræðingafélags Íslands þetta: „Ég held eftir fundinn að menn séu sammála um það að ef okkur tekst að ná saman, þá sé stefnt að einum skóla þar sem að verkfræðideildin og raunvísindadeildin ásamt Tækniþólanum séu komin undir einn hatt. Hvar slík stofnun verður er allt óljóst. En Samtök iðnaðarins þar sem boltinn er reyndar nú, lét þá skoðun í ljós á fundinum að þetta væri megin stefnan. Aðrir valkostir eins og samstarf við Verlsunarháskólann eða rannskóknarstofnanir væri þá áfangi nr. 2. Það kom fram hjá báðum aðilum bæði hjá verkfræðideildinni og hjá Tækniþólafulltrúum að þeir væru fúsir til samstarfs til að ná þessu marki og gera þennan skóla sem faglegastan og bestan fyrir nemendur.“

Samkvæmt yfirlýsingu Björns Bjarnasonar menntamálaráðherra, í Mb.l. kom fram að hann krefjist þess að búið verði að ganga frá þessu máli fyrir áramót

## Meinatæknar geta haft áhrif

Við lifum í þjóðfélagi örra breytinga og þróunar. Rétt er að minna á að hér er varpað fram tillögum að breytingum. Engin endanleg ákvörðun hefur verið tekin í þessum málum enn sem komið er. Spurningin um það hvort meinatæknar eru með í háskólasamfélaginu eða hvort aðrar og nýjar leiðir séu betri er vert að skoða. Að mörgu þarf að hyggja þegar slíkar ákvarðanir eru teknar. Skoðanir eru skiptar um hvaða form hentar best í hverju og einu tilviki. Samtök iðnaðarins eru opin fyrir hugmyndum og óskum meinatækna varðandi málið og vilja vinna að því með samstarf við starfandi stéttir og þarfir mismunandi hópa í huga.

Hvað framtíðin ber í skauti sér er ógerningur að svara hér og nú en umræðan um efnið er nauðsynleg. Þar sem ekki er hægt að birta tillögu Samtaka iðnaðarins í þessu blaði í heild sinni, vil ég benda á að hægt er að kynna sér tillögu SI um Tækniþóla atvinnulífsins á heimasiðu Samtaka iðnaðarins: <http://www.si.is>

Hulda Gestsdóttir

## Frá fræðslunefnd.

Fræðslufundir sem haldnir voru dagana 30. ágúst - 2. sept. í samvinnu við Tækniþóla Íslands tókust vel. Að meðaltali mættu 40 manns á fyrirlestur.

Ásgeir Haraldsson, læknir hélt fyrirlestur fyrir meinatækna 10. nóv. í Tækniþóla Íslands. Bar fyrirlesturinn nafnið „Ónæmiskerfið - verndar oss frá illu“ Fyrirlestur Ásgeirs var léttur og skemmtilegur og mæting var góð. Sýkladeild sá um veitingar á fundinum og voru þær glæsilegar, svo ekki sé meira sagt.

Fræðslunefnd.



**Sogavegi 108,  
v/Réttarholtsveg 108  
Reykjavík  
Sími: 568 0990**



**Háaleitisbraut 68  
Sími: 581 2101  
Opið allan sólarhringinn  
alla daga ársins**



## GRAFIK

Smiðjuvegur 3 · 200 Kópavogur sími: 554 5000 ·  
fax: 564 1498 pósthólf 250 · [www.grafik.is](http://www.grafik.is)



***Veljum íslensk gæðalyf***



BRUNAMÁLASTOFNUN RÍKISSINS  
LAUGAVEGI 59, 101 REYKJAVÍK, S. 552 5350  
í eldsvoða, komið börnunum út strax

Námsráðgjafi skólans og  
deildarstjórar einstakra deilda  
veita nánari upplýsingar í síma  
577 1400 eða skrifstofa skólans að  
Höfðabakka 9.

TÆKNISKÓLI ÍSLANDS-

HÁSKÓLI ATVINNULÍFSINS



**tækkniskóli íslands**

Höfðabakka 9, 112 Reykjavík,  
sími 577 1400, fax 577 1401  
<http://www.ti.is>

# PHARMACO HF

BÝÐUR TÆKI  
& REKSTRARVÖRUR  
FRÁ EFTIRTÖLDUM  
FRAMLEIÐENDUM:

- **ABBOTT**
- **BAYER**
- **CHROMOGENIX**
- **EPPENDORF**
- **GREINER**
- **HEWLETT PACKARD**
- **JULABO**
- **KONE**
- **NYCOMED**
- **OXOID**
- **RADIOMETER**
- **WALLAC**

*Pharmaco hf. er ISO 9002 vottað fyrirtæki*



**Pharmaco**

Hörgatúni 2, 210 Garðabær  
Sími 565 8111

# Lítill en öflluður

# MICROS 60 frá ABX

Blóðkornateljari (haematology analyser)

Fljótur, sveigjanlegur og nákvæmur – algjörlega sjálfvirkur en þó hannaður með rými rannsóknastofunnar í huga og er auðveldur í notkun.

MICROS 60 er raunverulega líttill snillingur.



MICROS sameinar  
nákvæmni og áreiðanleika  
ABX tækninnar og hraða  
sem leiðir til hámarks  
hagkvæmni

- ✓ 8 eða 18 niðurstöður
- ✓ Val um lokað eða opið kerfi
- ✓ 60 sýni á mínútu
- ✓ Sjálfvirk hreinsun á nál
- ✓ Einstaklega hljóðlátur- notar ekki loftpressu
- ✓ Aðeins 10 µl af heilblóði í greiningu
- ✓ Alsjálfvirk kerfi sem innifelur daglegt viðhald
- ✓ MINIPACK- valkostur sem sameinar  
rekstrarvökva og úrgangsbrúsa
- ✓ Gagnageymsla, QC og kvörðun með hjálp korta (smart Cards)
- ✓ RS232 tölvutengi



**GRÓCO hf.**

Suðurlandsbraut 6 • Sími: 568 8533